

Skólaþing í Setbergsskóla 2022

Farsímanotkun í skólanum

Dagskrá

7. maí 2022

Klukkan: 10:00 – 10:15:

- Setning skólaþings og kynning á viðfangsefni (GKS)
  - Farið yfir farsímareglur (MÓJ).
  - Farið yfir hvað mæli með og gegn farsímanotkun (frá síðasta skólaþingi) (MÓJ).
  - Vinnulag í hópum (MP).

Klukkan: 10:15 – 10:45:

- Sigurður Sigurðsson sérfræðingur hjá Heimili og skóla fjallar um farsímanotkun í skólum.

Klukkan: 10:45 – 11:45:

- Vinna í hópum (hressing á vinnusvæðum hópa).

Klukkan: 11:45 – 12:15:

- Hópar kynna niðurstöður umræðna.

Klukkan: 12:15 – 12:30:

- Samantekt og þingslit (GKS).



Markmið með þinginu:

Er að fara yfir símareglur skólans og meta hvort við viljum breyta þeim, laga eða vinna nýjar.

Er að fá alla að borðinu til samtals, skoðanaskipta og hugmyndavinnu.

Er að gefa foreldrum og forráðamönnum beina hlutdeild í stefnumótun um skólastarfið ásamt nemendum og starfsfólki.

Er að heyra viðhorf allra því í sameiningu gerum við góðan skóla enn betri.

Er að vinna reglur/sáttmála um símanotkun í kjölfarið.

Viðfangsefni hópanna og fyrirkomulag:

Spurningar til að velta fyrir sér og svara:

1. Hvaða reglur viljum við setja okkur varðandi farsímanotkun?
2. Eiga farsímareglur að vera breytilegar á milli skólastiga?
3. Hvernig ætlum við að hjálpast að við að framfylgja farsímareglum?
4. Hvert er hlutverk nemenda, foreldra/forráðamanna og starfsfólks?
5. Annað sem fólk vill taka fram…

Þingfulltrúum verður skipt í 14 vinnuhópa með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra.

Í hverjum hópi verður borðstjóri sem leiðir umræður.

Samræður í hópunum

Fyrirkomulag

Eftirvinnsla:

Þegar búið var að safna öllum gögnunum saman voru þau flokkuð og greind. Reglurnar voru síðan unnar upp úr þeim gögnum. Að lokum voru reglurnar kynntar í skólasamfélaginu og svæði merkt þar sem símar eru leyfðir.

Takið 15 mínútur fyrir hverja spurningu.

- Borðstjóri stýrir umræðum (foreldri)
- Ritari dregur saman niðurstöður hvers hóps (starfsmaður skóla)
- Tímavörður gætir þess að tímamörk við hverja spurningu séu virt (nemandi)

Verklag við hverja spurningu:

- Allir hópar fjalla um allar spurningarnar
- Allir skrifa svar sitt við spurningum á miða - hver og einn fyrir sig.
  - Spurning 1 – hvítt
  - Spurning 2 – gult
  - Spurning 3 – grænt
  - Spurning 4 - blátt
- Allir deila sinni skoðun.
- Miðar settir í umslög.
- Umræða um svörin - Hvað er mikilvægast?
- Umræðan dregin saman; að hvaða niðurstöðu komust hóparnir?
- Ritarar skrá niðurstöður í padlet.

QR kóði yfir samantekt hópanna

Símareglur skólans voru unnar upp úr gögnum frá þinginu og þær er að finna á heimasíðu skólans:
https://www.setbergsskoli.is/skolareglur/simar-og-spjold/